



Á síðasta aðalfundi deildarinnar þann 26. febrúar 2007 voru kosin í stjórn þau Árni Laugdal, Björgvin Bjarnason, Hekla Jóhannsdóttir, Sigurbjörg Björnsdóttir og Sigrún Sunna Skúladóttir. Í varastjórn voru kosin Helgi Sigurðsson, Helga Þráinsdóttir og Charlotta Sjörup. Hekla starfaði ekki í þessari stjórn þar sem hennar strákur hætti í sundi. Helgi og Helga störfuðu fram að hausti en þá hættu þeirra börn. Charlotta hefur því seti í stjórn þetta árið. Haldnir voru fundir einu sinni í mánuði, þó slakað aðeins á yfir sumarið. Einnig situr formaður í aðalstjórn ungmennafélagsins. Er það mikilvægt því mörg mál eru í gangi hjá ungmennafélaginu þar sem sunddeildin þarf að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Fjárafilanir hafa verið með hefðbundnu sniði. Flöskusöfnun hefur verið og er mikið búið að vinna í að einfalda það starf. Ákveðið var að fjölga flöskusöfnunarferðum og bæta einni við fyrir jólin. Þegar að framkvæmd kom var okkur ljóst að það gengi ekki nema hún væri um miðjan nóvember þannig að vonandi verður það reynt á þessu ári. Það er alveg ljóst að neysla gosdrykkja hefur aukist og því alveg sjálfsgagt að við bregðumst við því. Skiltasala er örugg tekjulind og einföld en þar má bæta sig því mörg ný fyrirtæki eru komin á Selfoss og því hægt að gera áttak í þessum málum. Götusóp gekk vel síðasta sumar. Verið hafa umræður á vegum sveitafélagsins um að stækka þá leið sem sópa á og vonandi verður það. Ungbarnasundið sem hún Guðbjörg íþróttakennari er með skilar okkur alltaf góðri upphæð. Það er mjög ánægjulegt hvað hún hefur alltaf haldið tryggð við deildina í gegnum árin.

Sunddeildin kom að undirbúningi 17. júní eins og undanfarin ár. Umræða var í ungmennafélaginu að þetta fyrirkomulag væri ekki að ganga sem verið hafi á 17. júní þannig að líklega sjáum við breytingar á því.

Í haust urðu svo breytingar á þjálfaramálum. Sigurlín Garðarsdóttir sem hefur verið þjálfari í deildinni í mörg ár hætti störfum. Hún hafði séð um þjálfun yngstu krakkana. Til starfa kom Hrafnhildur Guðmundsdóttir og sér hún í samstarfi við Bryndísi Ólafsdóttur um þjálfun yngsta hóps-

ins. Einnig tóku þær yfir sundskólann og var hann rekinn með öðru sniði en venjulega. Nú var foreldrum lofað að börnin yrðu synd, fyrr yrðu þau ekki útskrifuð. Mikil ánægja hefur verið með þetta hjá foreldrum og alveg magnað að horfa á Broskallamótið í sundi sem haldið var til að sýna foreldrum árangurinn. Börnin voru svo útskrifuð með skjal sem sýndi að þau voru búin að ná skólaprófi í sundi fyrir 7 ára, en flestir sem voru í hópnum voru 5-6 ára.

Á síðasta aðalfundi var rætt um hve brýnt væri að auka þátttakendafjöldann. Stjórnin hefur lagt sitt af mörkum til þess. Saminn var auglýsingabæklingur sem borinn var í hvert hús. Vil ég hér nota tækifærið og þakka Árna Laugdal fyrir því hann sá um gerð þessa bæklinga. Og árangurinn lét ekki á sér standa því iðkenndur voru um 30, en eru nú tæplega 50, þannig að árangurinn er frábær. Með þessum nýju iðkendum koma líka foreldrar sem auðveldar foreldrastarfið.

Stjórnin festi kaup á púlsmælum í haust, Hy-tek skráningarkerfi sem auðveldar mótaskráningar fyrir þjálfara og til stendur að kaupa mikkrofón í hátalarakerfið í sundlauginni. Því eins og þið sem voruð á síðast móti heyrðuð verður að vera mikkrofón til að heyrast vel í fólkinu.

Sunddeildin fékk aðgang að nýjum dómörum á þessum vetri þegar Ingibjörg og Sigurlín fóru á dómaramámskeið og eru við glöð með það. Það auðveldar skipulagningu móta.

Félagslíf sunddeildarinnar hefur verið sæmilegt. En það er eitthvað sem komandi stjórn þarf að bæta því nú skiptir mestu að halda í þá iðkendur sem eru í deildinni. Farið hefur verið í flöskuferðir svokallaðar og þær verið mjög vel heppnaðar. Eins var vorferðin í Þrastarskóg vel heppnuð, en vonandi verður áframhald á henni. Svo var farið í æfingabúðir í haust og held ég að allir hafi skemmt sér mjög vel þar. Hópurinn kynntist vel og yngri iðkenndur kynntust þeim eldri og öfugt.

Þetta er nú starfið á árinu í stórum dráttum og vil ég þakka fyrrverandi formanni Guðbjörgu fyrir mikla aðstoð á árinu og eins allri stjórninni fyrir samstarfið. Eins vil ég



Þakka framkvæmda-stjóra ungmennafélagsins fyrir þá vinnu sem hann hefur innt af hendi til sunddeildarinnar.

*Sigrún Sunna Skúladóttir, formaður.*

## Skýrsla yfirþjálfara

Árið 2007 var viðburðaríkt og ár breytinga. Sigurlín Garðarsdóttir lét af störfum sem þjálfari bronshópsins. Hún hefur sinnt starfi sundþjálfara á Selfossi í mörg ár og gert deildinni kleift að lifa af erfiða tíma. Í framhaldi af því fór hún á námskeið til dómara. Þetta er kærkomið hjá Sunddeildinni þar sem vöntun er þar á. Hrafnhildur Guðmundsdóttir var ráðin í hennar stað frá og með september 2007.

Deildin hefur stækkað jafnt og þétt. Plássleysi er farið að segja til sín. Endurskipuleggja þarf tíma yngri flokka og sundskólans á næsta tímabili. Enn hafa tvær brautir dugað fyrir silfurhópin í útilauginni, sem er mjög blandaður. Ef hópurinn heldur áfram að stækka verða 10 ára börnin að æfa í innlauginni eða tímarnir í útilauginni að lengjast.



Foreldrar sem taka virkan þátt í íþróttaiðkun barna sinna hefur fjölgað. Þó höfum við einstöku sinnum lent í manneklu með keyrslu.

Miklar framfarir voru á árinu. Veitt voru verðlaun fyrir bætingar sem voru yfir 10 sekúndur, besta afrekið á árinu sem Eygerður hlaut og þeir einstaklingar sem komust undir eina mínútu í 66m fjórsundi fá viðurkenningu fyrir þann árangur. Þessi mínútumúr verður notaður sem hvatning og áfangi til þess að fá að synda með silfurhóp sunddeildarinnar. Sundæfingar silfurhóps voru lengdar upp í eina klukkustund og 15 mínútur, fjórum sinnum í viku.

Þær Árný Oddbjörg og Ólöf Eir náðu lágmarkum á AMÍ. Sundskóli sunddeildarinnar breyttist í sniði. Þar hafa verið tekin inn 5 ára börn sem útskrifast með kunnáttu 7 ára barna. Þeim er einnig gert kleift að halda áfram að synda í kopar hóp sunddeildarinnar sem þjálfaður er af Hrafnhildi og Bryndísi.

*Bryndís Ólafsdóttir, yfirþjálfari sunddeildar.*